

AUGLÝSING

um samþykkt skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt eftirfarandi skipulagsáform:

Fristundabyggð úr landi Miðdals L213970 – F530.

Deiliskipulagið hefur hlotið afgreiðslu skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða nýtt deiliskipulag milli Nesjavallavegar og Selvatns. Stærð lands er 5 ha. Landinu er skipt upp í sex fristundalóðir þar sem heimilt verður að reisa fimm frístundahús allt að 130 m² að stærð og eitt allt að 200 m². Aðkoma að lóðunum er um veg sem liggur frá Nesjavallavegi.

Fristundabyggð Sólbakka í Miðdalslandi L125340 – F521.

Deiliskipulagið hefur hlotið afgreiðslu skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða nýtt deiliskipulag í Miðdalslandi, vestan Hafravatnsvegar og norðan við gatnamót Nesjavallavegar. Stærð lands er 2,1 ha. Landinu er skipt upp í fjórar fristundalóðir þar sem heimilt verður að reisa frístundahús allt að 130 m² að stærð. Aðkoma að lóðum frá Hafravatnsvegi verði í gegnum aðliggjandi fristundalóðir Heiðarhvamms.

Fristundabyggð Heiðarhvamms í Miðdalslandi L125323 – F521.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu samhliða nýju skipulagi að Sólbakka. Skilgreind er aðkoma og vegur að landi L125340, í gegnum fristundabyggð að Heiðarhvammi. Annað í skipulagi er óbreytt.

Fristundabyggð við norðanvert Hafravatn L125531 og L204619 – F503.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið afgreiðslu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu við Hafravatn (Óskotsvegur 12 og 14) sem felur í sér aukið byggingarmagn á tveimur lóðum. Hámarks fermetrafjöldi fer úr 70 m² í 90 m² fyrir frístundahús ásamt geymslu eða gestahúsi, í samræmi við ákvæði aðalskipulags. Annað í skipulagi er óbreytt.

Ofangreint skipulag og skipulagsbreytingar hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 19. júlí 2023,

Kristinn Pálsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 20. júlí 2023